

## Stjórn Dalbæjar

23. fundur Dalbæjar 2018-2022  
8. fundur ársins

Fimmtudaginn 17.9.2020 kl. 17:00 var haldinn fundur í stjórn Dalbæjar. Boðaðir voru aðalmenn í stjórn og Hulda Þórsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega Huldu Þórsdóttur sem tók við af Hólmsfríði Jónsdóttur sem fulltrúi starfsmanna.

### Dagskrá fundarins:

- 1. Fundargerð síðasta fundar.**  
Skoðast samþykkt án athugasemda.
- 2. Framkvæmdamál – tilboð í glugga.**  
Ágúst frá FORM kom inn á fundinn. Gluggamál voru rædd og hafa borist fleiri verð í glugga. Samþykkt var að panta glugga sem fyrst, en fá þá afhenta á næsta ári, þar sem langt er liðið á árið 2020. Fyrirsjáanlegt að upphaf framkvæmda frestist til ársins 2021. Ágúst mun fá tilboð frá fleiri aðilum og verður tekin ákvörðun sem fyrst. Ýmis önnur mál tengd framkvæmdum voru rædd.
- 3. Framkvæmdamál – undirbúningur útboðs.**  
Ágústi var falið að leggja lokahönd á útboðsgögn.
- 4. Endurbætur á baðherbergi á neðri hæð.**  
Elísa lagði fram kostnaðaráætlur vegna endurbóta á baðherbergi á neðri hæð og rennihurðum á baðherbergjum á gangi 1. Ákveðið var að byrja á rennihurðum hjá þremur baðherbergjum á gangi 1. Elísu var falið að fá tilboð frá fleiri framkvæmdaaðilum fyrir bæði verkin. Ákvörðun verður tekin á næstu dögum/vikum.
- 5. Erindi frá HSN – Líknarrými.**  
Umræður milli HSN og Dalbæjar um mögulegt líknarrými á Dalbæ. Lagt fram til kynningar.
- 6. Önnur mál.**
  - Samningur við Sagaz um atvinnuhætti og menningu á Íslandi. Lagt fram til kynningar.
  - Samningur við Dalvíkurbyggð um félagsstarf aldraðra og öryrkja ræddur. Hann var tekinn til umfjöllunar hjá félagsmálaráði og var vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2021.
  - Tilboð í ræstingar. Elísa leitaði tilboða hjá tveimur fyrirtækjum og kom frá öðru þeirra. Von er á tilboði frá öðru fyrirtæki.
  - Sjónvarpsmálin endalausur voru rædd. Enn fleiri hugmyndir hafa komið fram.

- Stjórn samþykkti gjöf til starfsfólks sem þakklætivott fyrir vel unnin störf síðastliðna mánuði á tímum Covid ástandsins.
- Kostnaður vegna Covid var ræddur. Elísa beðin um að taka hann saman og halda utan um hann áfram á meðan ástandið varir.
- Hulda Þórs er boðin velkomin í stjórn og Hólmfríði Jónsdóttur þakkað fyrir setu í stjórn Dalbæjar síðstu 13 ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30

Fundinn sátu undirritaðir:

\_\_\_\_\_  
Kristinn Bogi Antonsson, formaður

\_\_\_\_\_  
Valdís Guðbrandsdóttir

\_\_\_\_\_  
Heiða Hilmarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Rúna Kristín Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_  
Gunnþór E. Gunnþórsson

\_\_\_\_\_  
Elísa Rán Ingvarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Hulda Þórsdóttir